

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**  
**4. fundur 2021 (104. fundur)**  
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 31.05.2021 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Jón B. Guðnason	Landhelgisgæslan
Pétur Bolli Jóhannesson	Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

**1. Deiliskipulag hringtorg við Kríuvöll og veltenging við Reykjanesbraut**

Ofangreind tillaga að deiliskipulagi hefur verið auglýst með fresti til að gera athugasemdir til og með 28.05.2021. Umsagnir bárust frá þremur aðilum, Vegagerðinni með bréfi dags. 14.05.2021, Suðurnesjabæ með bréfi dags. 19.04.2021 og Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags 11.05.2021. Engir þessara aðilar gera athugasemdir við skipulagstillöguna.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti deiliskipulagstillöguna sem gilda skal þar til Flugstöðin hefur verið stækkuð til norðurs og fyrra skipulag getur orðið að veruleika..

**2. Deiliskipulag, breyting á NA svæði. Ný staðsetning Silfurhliðs**

Deiliskipulag þetta sem var til umfjöllunar á síðasta fundi skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar hefur formlega tekið gildi.

**3. Deiliskipulag B – svæðis**

Tillaga að deiliskipulagi B – svæðis hefur verið auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi svæðisins. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar fjallar um skipulagstillöguna sem ígildi nágrannasveitarfélags en utanríkisráðuneytið fer með skipulagsvaldið á B – svæðinu.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

**4. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar**

Auglýst hefur verið tillaga að breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar varðandi auknar byggingarheimildir á B – svæði, sjá lið 3. hér að framan. Mál þetta mun koma til umfjöllunar á næsta fundi skipulagsnefndarinnar. Þegar hefur borist umsögn frá

Umhverfisstofnun, dags. 17.05.2021, sem gerir ekki athugasemdir við tillöguna. Ennfremur hefur borist bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 14.05. 2021, með ýmsum ábendingum.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

#### **5. Stöðuleyfi gáma austan við FLE**

Lagt var fram erindi Isavia, dags. 29.04.2021, þar sem sótt er um stöðuleyfi fyrir 9 gámahús á bílastæði P2 við Flugstöðina. Gámahúsin eru ætluð til skimunar komufarþega vegna Corona veirunnar.

Skipulagsnefndin samþykkti stöðuleyfi til 05.04.2022. Vegna þess hve mál þetta bar brátt að afgreiddi skipulagsnefndin það jákvætt á rafrænan hátt milli funda. Sú ákvörðun var staðfest á fundinum.

#### **6. Breyting á eyju í miðju flughlaði austan Flugstöðvarinnar**

Lagt var fram erindi Isavia, dags. 21.05.2021, og kynning á þróunarreit D, ódags., þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi vegna breytingar á eyju í miðju flughlaðinu austan Flugstöðvarinnar í burðarhæft flughlað.

Framkvæmdin er í samræmi við samþykkt deiliskipulag. Skipulagsnefndin samþykkti framkvæmdaleyfið.

#### **7. Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 28. júní 2021 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

[https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/\\_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx](https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx)